

Kennsluáætlun vor 2019

Kennsluáætlun þessi tekur mið af hæfniviðmiðum sem fram koma í Aðalnámsskrá Grunnskóla og skólanámsskrá Grunnskóla Grindavíkur

VIKA	VIÐFANGSEFNI	EFNISTÖK	NÁMSEFNI	ANNAÐ
7.-11. janúar	Orðadæmi	Unnið með orðadæmi	Reikniaðgerðir og verkefni frá kennara	
14.-18. janúar	Almenn brot Teljari Nefnari Einn heill Að bera saman almenn brot	Unnið áfram með hugtökin „teljari“, „nefnari“ og „einn heill“. Stærð brota borin saman og unnið hlutlægt með mismunandi brot.	Hefti um almenn brot blaðsíður 9-15. Brotaspjöld, brotabingó, aukaefni á lausum blöðum.	Nemendur búa til sín eigin brotaspjöld til að nota við hlutlæga vinnu.
21.-25. janúar	Almenn brot Að leggja saman og draga frá almenn brot. Að margfalda almenn brot. Að bera saman almenn brot. Brot sem eru stærri en einn heill. Að draga brot frá heilum.	Áfram unnið með samanburð á stærðum brota. Almenn brot lögð saman og dregið frá og rætt um margföldun almennra brota. Áhersla lögð á hlutlæga vinnu til að auðvelda samanburð brota. Unnið með brot sem eru stærri en einn heill.	Hefti um almenn brot blaðsíður 16-18. Brotaspjöld og aukaefni. Upprifjunarefni frá kennara.	Könnun í almennum brotum.
29. jan – 2. feb Samskiptadagur	Tugabrot	Í framhaldi af vinnu nemenda með almenn brot tókum við fyrir	Verkefnaheftið Tugabrot bls. 1 - 5	Umræður – einn, tveir, allir → hvað er tugabrot?

<p>31. Jan Dagur stærðfræðinnar 2.febr</p>	<p>Að breyta almennu broti í tugabrot Að leggja saman tugabrot</p>	<p>hugtakið tugabrot og reynum að tengja þekkingu nemenda af almennum brotum við það hugtak. Í fyrstu eru almennar umræður um hugtakið sem þróast út í hlutlæga sýnikennslu á því hvað tugabrot standa fyrir.</p>		<p>Leikur – hvaða tugabrot er að finna á milli ákveðinna talna.</p>
<p>5. -9.febr</p>	<p>Tugabrot Að bera saman tugabrot Tengja tugabrot við talnalínu</p>	<p>Áframhaldandi vinna með hugtakið tugabrot. Nemendur vinna að verkefnum í verkefnaheftinu sínu sem á að hjálpa þeim að tileinka sér hugtakið. Unnið með tugabrot á hlutlægan hátt.</p>	<p>Verkefnaheftið Tugabrot bls. 6 – 8 ýmis einstaklingsmiðuð aukaverkefni frá kennara Aukaefni í tölvum/lpad.</p>	<p>Samvinnuverkefni þar sem nemendur vinna tveir saman. Hvert par fær nokkrar tölur í tugabroti og almennu broti sem þeir eiga að raða á talnalínuna á töflunni. Það par sem er fyrst að raða öllum sínum tölum á töfluna vinnur. Spil</p>
<p>12. -16. febr 12. febr: bolludagur 13. febr sprengidagur 14. öskudagur</p>	<p>Tugabrot Reikniaðgerðir, samlagning, frádráttur, margföldun.</p>	<p>Áhersla vikunnar er að nemendur vinni markvisst að því að tileinka sér hugtakið tugabrot, hvað það stendur fyrir og hvernig skal notfæra sér það í reikniaðgerðum. Verkefnavinna og umræður.</p>	<p>Verkefnaheftið Tugabrot bls. 9 – 13</p>	<p>Leikur – að raða sér upp á réttan hátt. Nemendum er skipt í fjögur lið. Hver leikmaður dregur tölu frá kennara og eiga liðin að keppast um hvaða lið sé fyrst að raða sér upp í rétta talnaröð.</p>

19. -23. feb	Tugabrot Reikniaðgerðir Að námunda	Áframhaldandi vinna nemenda með tugabrot og reikniaðgerðir og nú bætist við deiling. Auk þess eiga þeir við námundum í verkefnaheftum sínum. Áhersla á endurtekningaræfingar sem og umræður um hugmyndir nemenda um efnið.	Verkefnaheftið Tugabrot bls. 14 – 18 Upprifjunarverkefni frá kennara	Netefni Stiku og mms.is
26.feb - 2. mars 28. skipulagsdagur	Mælingar og mælikvarði Metrakerfið m-dm-cm-mm	Unnið með léttar upprifjunaræfingar sem tengast því að mæla í metrakerfinu. Nemendur prófa sig áfram til að byrja með til að kanna hversu langt fyrri þekking þeirra á viðfangsefninu nær.	Verkefnaheftið mælingar og mælikvarði bls. 1 – 5 Einstaklingsmiðað aukaefni frá kennara	Setjum upp talnahúsið á töfluna svo nemendur hafi það fyrir sjónum í byrjun.
5. - 9. mars 7. – 9. mars samræmdpróf í 9. bekk	Mælingar og mælikvarði Að breyta um mælieiningu innan metrakerfisins Metrakerfið Km-hm-dam-m-dm-cm-mm	Umræður um það hvernig eigi að breyta um mælieiningar innan metrakerfisins. Nemendur koma með sínar eigin aðferðir og þær hugmyndir ræddar innan hópsins. Í kjölfarið vinna nemendur verkefni sem eiga að þjálfna þá í að breyta á milli. Leikir og verkleg vinna.	Verkefnaheftið mælingar og mælikvarði bls. 6 – 9 Einstaklingsmiðað aukaefni frá kennara	Leikur: Mælimeistarinn – þrír saman, einn er spyrjandi hinir tveir keppendur. Spyrjandinn er með spjöld með spurningum(og svörum) sem hann leggur fyrir keppendur og eiga þeir að keppast við að vera fyrri til að svara.
12. - 16. mars. 13. mars árshátíð elsta stigs	Mælingar og mælikvarði Mælikvarði Að minnka og stækka myndir í takt við ákveðinn kvarða	Nemendur kynnast hugtakinu mælikvarði og nota til þess ýmiskonar kort sem finna má í bókum, á netinu og inni í skólastofunni. Æfa sig í því að breyta stærðum á myndum í takt við ákveðinn mælikvarða sem er uppgefinn.	Verkefnaheftið mælingar og mælikvarði bls. 10 – 16 Einstaklingsmiðað aukaefni frá kennara	Könnun úr mælingum og mælikvarða.

19. - 23. mars.	Flatarmál og horn Flatarmál Flatarmál þríhyrnings Ummál rúmfræði	Nemendur rifja upp hugtakið flatarmál og nota fyrri þekkingu sína um flatarmál rétthyrnings til þess að átta sig á aðferðinni við að finna flatarmál þríhyrnings. Auk þess rifja nemendur upp hugtakið ummál og vinna verkefni tengd þessum viðfangsefnum. Þegar farið verður yfir viðfangsefni rúmfræðinnar verður lögð áhersla á hlutlæg viðfangsefni sem auðveldar nemendum að átta sig á rúmfræðinni.	Verkefnaheftið Flatarmál og horn bls. 1 - 12	Leikir í tölvu (mms.is og netefni Stiku)
26. -30 . mars.	Páskafrí	Páskafrí	Páskafrí	Páskafrí
2. - 6. apríl 2. apríl annar í páskum 3. apríl skipulagsdagur	Flatarmál og horn Horn Rétt horn, gleitt horn, hvasst horn að mæla hornastærðir	Nemendur læra að notfæra sér gráðuboga við að mæla stærð horna, auk þess fást þau við hugtökin rétt horn, gleitt horn og hvasst horn. Til þess að átta sig betur á viðfangsefninu vinna nemendur verkefni á skriflegan og verklegan hátt. Auk þess eru umræður um viðfangsefnið í hverri kennslustund.	Verkefnaheftið Flatarmál og horn bls. 13 – 19	Mikilvægt að nemendur séu með gráðuboga.
9. – 13. apríl	Flatarmál og horn Form Þríhyrningar sem hafa sérstök heiti	Mikil sjónræn og verkleg vinna verður notuð þegar nemendur eru að læra um form, mismunandi þríhyrninga og ferhyrninga. Nám nemenda tengd mismunandi hornum og hornasummum fer	Verkefnaheftið mælingar og mælikvarði bls. 20 – 30	

	<p>Hornasumma þríhyrnings</p> <p>Hornasumma ferhyrnings</p> <p>Ferhyrningar sem hafa sérstök heiti</p>	<p>aðallega fram í gegnum umræður og verkefnavinnu auk þess sem samvinna nemenda koma við sögu.</p>		
<p>16. – 20. apríl</p> <p>19. apríl sumardagurinn fyrsti</p> <p>20. apríl skipulagsdagur</p>	<p>Flatarmál og horn</p> <p>Form</p> <p>Þríhyrningar sem hafa sérstök heiti</p> <p>Hornasumma þríhyrnings</p> <p>Hornasumma ferhyrnings</p> <p>Ferhyrningar sem hafa sérstök heiti</p>	<p>Áframhaldandi vinna með þau verkefni sem búið er að vinna að.</p>	<p>Verkefnaheftið mælingar og mælikvarði bls. 20-30.</p> <p>Upprifjunarefni frá kennara.</p>	<p>Könnun úr mælingar og mælikvarði.</p>
<p>23. – 27. apríl</p>	<p>Hnitakerfi</p> <p>speglun</p>	<p>Í upphafi vinnunnar með hnitakerfið vinna nemendur saman í litum hópum og rifja upp hvernig skrá eigi hnit inn í hnitakerfi. Í kjölfarið fer fram einstaklingsvinna. Nemendur eiga þar bæði að lesa af hnitakerfi og merkja inn punkta. Þegar nemendur læra um speglun er mikil verkleg og sjónræn vinna og verkefni.</p>	<p>Verkefnaheftið Hnitakerfi bls. 1-10</p>	<p>Leikir (mms.is)</p>

30.– 4. maí 30. Mörtuganga 1. maí: frídagur verkalýðs	Hnitakerfi Stækkun	Nemendur læra hvernig þeir eigi að stækka og hliðra myndum í hnitakerfi. Til þess notfærum við okkur hópavinnu, umræður og verkefnavinnu. Auk þess sem nemendur vinna ýmis verkefni í tölvum.	Verkefnaheftið Hnitakerfi bls. 11-14	Leikir (skolavefurinn.is, mms.is og netefni Stiku)
7. – 11. maí 10. maí uppstigningardagur	Vinna með reikniaðgerðir. Samlagning Frádráttur	Upprifjun á helstu reikniaðgerðum og aðferðum þeim tengdum.	Aukaefni frá kennara.	
14. – 18. maí	Vinna með reikniaðgerðir Margföldun Deiling	Upprifjun á helstu reikniaðgerðum og aðferðum þeim tengdum.	Aukaefni frá kennara.	
21. – 25. maí 21. maí annar í hvítasunnu 23. – 15. maí þemadagar	Ýmislegt Útistærðfræði			
28. maí – 1. júní 31. maí vogleði 1. júní skólaslit	Ýmislegt Útistærðfræði.			